

UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Reykjavík, 26. september 2016

Kristján Þór Júlíusson
mennta- og menningarmálaráðherra
Sölvhólgsgötu 4
101 Reykjavík

Umboðsmaður hefur undanfarið fylgst með fjölmíðlaumfjöllun sem lýtur að því að fötluðum börnum hafi verið synjað um skólavist í framhaldsskóla komandi vetur. Í frétt á www.ruv.is 31. ágúst sl. kemur fram að fjórir fatlaðir einstaklingar hafi ekki fengið vist í framhaldsskóla nú í haust þar sem ekki sé pláss fyrir þá. Í svörum mennta- og menningarmálaráðuneytisins við fyrirspurnum fréttastofu hafi komið fram að síðastliðið vor hafi óvenju fáir nemendur útskrifast af starfsbrautum sem henti þessum einstaklingum. Þeim sem ekki fái skólavist verði boðið annað úrræði sem ígildi skólavistar. Þeir fái svo skólavist við hæfi næsta haust þegar rúm skapist. Í annarri frétt á miðlinum þann sama dag tjáir Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Þroskahjálpar, sig um þessa stöðu sem hún segir ítrekað koma upp á haustin. Ekki ættu að vera vandkvæði á að undirbúa skólavist umræddra einstaklinga þar sem sérstakar þarfir þeirra í tengslum við úrræði í skólakerfinu hafi legið fyrir í langan tíma.

Í frétt á www.mbl.is 22. september sl. kemur fram að tveir fatlaðir 16 ára drengir séu enn ekki komnir með skólavist. Á fundi Þroskahjálpar og Átaks, félags fólks með þroskahömlun, með ráðherra hafi því verið borið við að allar starfsbrautir væru fullar. Verið væri að leita leiða að einhverri lausn í samstarfi við Ás styrktarfélag. Fram kemur að Bryndís hafi í framhaldinu haft samband við bæði Ás og Reykjavíkurborg en þá komið í ljós að Ás tæki ekki við drengjunum og ekki hefði borist formlegt erindi þess efnis.

Til skoðunar er að taka málið til athugunar á grundvelli þeirrar heimildar sem umboðsmanni er veitt í 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

Samkvæmt 2. mgr. 76. gr. stjórnaskrár Íslands nr. 33/1944 skal öllum tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. Hliðstæð skylda kemur einnig fram í 28. gr. barnasáttmála

Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013. Í 1. mgr. 32. gr. laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla, kemur fram að allir þeir sem lokið hafa grunnskólanámi, hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða náð 16 ára aldri eigi rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Þeir sem rétt eigi á að hefja nám í framhaldsskóla eigi jafnframt rétt á því að stunda nám í framhaldsskóla til 18 ára aldurs. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi því er varð að lögunum kemur fram að með þessu ákvæði sé í reynd „tryggð fræðsluskylda fyrir alla ólögráða nemendur“. Í almennum athugasemdum kemur auk þess fram að gert sé ráð fyrir að menntamálaráðuneyti tryggi, með samningum við framhaldsskóla, að fyrir hendi verði svigrúm til að tryggja öllum sem eftir leita og rétt eigi námsvist í framhaldsskóla. (Alpt. 2007-2008, A-deild, bls. 1874-1875 og 1886.)

Í 1. mgr. 34. gr. laganna segir enn fremur að á framhaldsskólastigi skuli veita nemendum með fötlun, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992, um mállefni fatlaðs fólks, og nemendum með tilfinningalega eða félagslega örðugleika kennslu og sérstakan stuðning í námi. Látin skuli í té sérfræðileg aðstoð og viðeigandi aðbúnaður eftir því sem þörf krefji. Nemendur með fötlun skuli stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.

Í tilefni af framangreindu og áður en tekin verður ákvörðun um frekari meðferð umboðsmanns á málínu er þess óskað, með vísan til 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að mennta- og menningarmálaráðuneytið veiti honum svör við eftirfarandi spurningum:

1. Fram kom í frétttaflutningi af málínu að sú staða komi ítrekað upp á haustin að ekki sé hægt að innrita alla nemendum með fötlun í framhaldsskóla. Í ljósi þessa er óskað eftir upplýsingum um hvernig almennt er staðið að mati ráðuneytisins á árlegri þörf á lausum plássum fyrir nemendur með sérþarfir sem falla undir 34. gr. laga nr. 92/2008. Sérstaklega er óskað eftir að fram komi hvenær ráðuneytinu hafi verið kunnugt um hversu margir nemendur með sérþarfir hafi vorið 2017 lokið undirbúningi til þess að innritast í framhaldsskóla og hvenær og hvernig lagt hafi verið mat á hvernig þörfum þeirra nemenda yrði mætt haustið 2017.
2. Óskað er eftir því að mennta- og menningarmálaráðuneytið upplýsi umboðsmann um hvenær ráðuneytinu barst vitneskja um stöðu þeirra tveggja drengja sem fjallað hefur verið um í fjölmöldum, þ.e. að þeim hafi ekki verið tryggð skólavist í framhaldsskóla komandi vetur. Liggja fyrir upplýsingar hjá ráðuneytinu um hvort fleiri nemendur með fötlun hafi ekki fengið skólavist í haust vegna skorts á lausum plássum?

3. Af þeim upplýsingum sem birst hafa í fjölmíðlum verður ráðið að mál drengjanna tveggja hafi verið til umfjöllunar í ráðuneytinu. Af því tilefni er óskað upplýsinga um í hvað farveg mál þeirra hefur verið lagt. Í þessu sambandi eru hafðar í huga upplýsingar um hvort og þá til hvaða viðbragða meðferð ráðuneytisins á málinu hefur nú þegar leitt til eða fyrirsjáanlegt er að hún leiði til. Liggur fyrir raunhæf áætlun um hvernig eigi að bregðast við aðstæðum þeirra?

Þess er óskað að svör mennta- og menningarmálaráðuneytisins við framangreindum spurningum berist umboðsmanni ekki síðar en 10. október nk.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir
forstöðumaður frumkvæðisathugana

